



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundarboð og málefni

Fundur nr.147 **Málsnr 1801006** var haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubækjarklaustri, þriðjudaginn 7.maí 2019, kl. 15:00.

Mættir eru Jón Hrafn Karlsson formaður nefndarinnar, Bjarki Guðnason, Gústaf B. Pálsson, Jóna Björk Jónsdóttir (varamaður Kristbjargar Hilmarsdóttur sem boðaði forföll) og Davíð Andri Agnarsson. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri og Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem jafnframt ritar fundargerð.

1. 1901004 Þéttung byggðar – Preststún og Læknistún - Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 - Svæði ÍB2 Skerja- og Skriðuvellir

Óskað var leyfis/heimildar Skipulagsstofnunar með bréfi dags. 15.mars sl. að auglýsa lýsingu fyrir umrædd svæði.

Skipulagsstofnun með bréfi dags. 4.apríl sl. hafnaði ósk um leyfi/heimild til að auglýsa á grundvelli að um meira en óveru lega breytingu væri að ræða.

Landmótun hefur yfirfarið lýsinguna og tekið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd bókar eftirfarandi:

,,Tekin er fyrir endurbætt skipulagslysing dagsett 9.4.2019.

Ástæða breytingarinnar er síu að gert er ráð fyrir fjölgun íbúða á reit ÍB2 Skerja- og Skriðuvellir og Klausturvegur. Um er að ræða fjölgun íbúða úr 19 í 38 íbúðir og er því einungis verið að breyta texta í aðalskipulaginu en uppdráttur mun haldast óbreyttur. Skipulagslysingin er samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að óska umsagna og auglýsa lýsinguna skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr.123/2010.“

2. 1606007 Deiliskipulag Hrifunes, Landnúmer 213047

Skipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð 213047 að Hrifunesi.

Deiliskipulagi tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Tillagan var auglýst frá 30.júní -12.ágúst 2016. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

,,Skipulagsnefnd bendir á nauðsyn þess að aðgengi slökkviliðs að slökkvivatni sé tryggt. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið að öðru leiti með teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málín.“

DRA GRP
HJL
CBT BVG

3. 1904007 Framkvæmdaleyfi - Umsókn frá Vg – Ný brú á Brunná.

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir nýrri brú á Brunná sem er inná áætlun ársins 2019.

„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins. Óskað er eftir frekari gögnum varðandi heimild fyrir efnistöku.“

4. 1811001 Ásar - Umsókn um skráningu nýrrar lóðar úr L163301

Magnea V Svavarsdóttir f.h. Ríkiseigna óskar eftir skráningu á nýrri lóð að Ásum, úr landnúmer 163301, skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

5. 1804001 Laufskálavarða - Umsókn um skráningu nýrrar lóðar úr L163441

Savar Svavarsson fh. Skálmarbæjar ehf. óskar eftir skráningu á nýrri lóð við Laufskálavörðu úr landnúmeri 163441, skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppáskrifadað samþykki aðliggjandi lóðarhafa.“

6. Önnur mál.

Engin

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 16:36

Daniel Andur Agússon

Jón Ólaf Guðlaugsson

Gustaf B. Pálmsson

Bjarki V. Guðmason

Lindheiður Karlsson